

Ed. 721. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Frá allsherjarnefnd.

1. 8. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:
Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er 5000 krónur eða hærri er fyrningarfrestur þó 5 ár.
2. 13. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1981.